

Lífskjarasamningurinn 2019-2022

Þann 3. apríl sl. voru undirritaðir kjarasamningar á almennum markaði. Kjarasamningur Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins vegna almennra starfa og í ferðaþjónustu. Öll félög innan SGS skrifuðu undir þennan kjarasamning sem nær til 40.000 félagsmanna. Bárán, stéttarfélag og Verkalýðsfélag Suðurlands eru aðilar að samningi þessum.

Helstu atriði nýs kjarasamnings

Kjarasamningarnir gilda frá 1. apríl 2019 – 1. nóvember 2022

Kauptaxtar hækka sérstaklega

- ▶ 1. apríl 2019 17.000 kr. á mánuði
- ▶ 1. apríl 2020 24.000 kr. á mánuði
- ▶ 1. janúar 2021 24.000 kr. á mánuði
- ▶ 1. janúar 2022 25.000 kr. á mánuði

- Lægstu laun hækka mest – 30% hækkun á lægstu taxa
- Aukið vinnustaðalýðræði með möguleika á verulegri styttingu vinnutímans (mestu breytingar í tæpa hálfu öld)
- Eingreiðsla upp á 26 þúsund kr. sem kemur til útborgunar í byrjun maí 2019
- Skilyrði sköpuð fyrir verulegri vaxtalækkun á samningstímanum
- Skattbyrði hinna tekjulægstu lækkar um 10 þúsund kr. á mánuði

Nýtt – Tenging við hagvöxt sem tryggir launafólki hlutdeild í verðmætasköpun Nýtt – Launaþróunartrygging ef launaskrið verður á almennum vinnumarkaði

Rafræn atkvæðagreiðsla um kjarasamningana mun verða dagana 12. – 23. apríl. Félagsmenn geta ýmist greitt atkvæði með íslykli, rafrænum skilríkjum eða komið á skrifstofu félaganna og greitt atkvæði. Kynningarefni verður á heimasíðum félaganna og haldnir verða kynningarfundir. Félagsmenn sem óska eftir að fá kynningu á vinnustaðnum sínum vinsamlegast hafið samband við skrifstofu félaganna; Bárán, stéttarfélag, sími 480 5000 og Verkalýðsfélag Suðurlands, sími 487 5000.

Kynningarfundur vegna kjarasamninganna verður hjá Báranni, stéttarfélagi mánudaginn 15. apríl kl. 18:00 í fundarsal félagsins að Austurvegi 56, Selfossi.

Kynningarfundur vegna kjarasamninganna verður hjá Verkalýðsfélagi Suðurlands mánudaginn 15. apríl kl. 17:00 á Hótel Höfðabrekku og þriðjudaginn 16. apríl kl. 17:00 í fundarsal félagsins að Suðurlandsvegi 1-3 á Hellu.

Bárán, stéttarfélag og Verkalýðsfélag Suðurlands.

